



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

5. MARS 2026
ELDBORG HARPA

TOMÁŠ HANUS & STEFÁN RAGNAR

VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

TÍMALENGD VERKA:

ADAGIO 10“
FLAUTUKONSERT 23“
SVÍTA 20“
SINFÓNÍA 30“

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1 og verður
sjónvarpað að hluta á RÚV þann xx. mars 2026

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

TOMÁŠ HANUS OG STEFÁN RAGNAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 5. MARS KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

TOMÁŠ HANUS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

STEFÁN RAGNAR HÖSKULDSSON
EINLEIKARI

JÓN NORDAL

Adagio fyrir flautu, hörpu, píanó og strengjasveit (1966)

LOWELL LIEBERMANN

Konsert nr. 2 fyrir flautu og hljómsveit, op. 142 (2023)

Largo – Moderato

Largo

Animato

HLÉ

ANTONÍN DVOŘÁK

Svíta í A-dúr, op. 98b (1895)

Andante con moto

Allegro

Moderato (alla polacca)

Andante

Allegro

BOHUSLAV MARTINŮ

Sinfónía nr. 6 – Fantaisies symphoniques (1953)

Lento – Allegro – Lento

Poco allegro

Lento

TOMAŠ HANUS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Tékkinn Tomáš Hanus er fæddur í Brno og nam við Janáček-listaháskólann þar í borg hjá Jiří Bělohlávek. Hann vakti fyrst athygli árið 1999, þegar hann hlaut verðlaun í alþjóðlegu stjórndakeppninni í Katowice í Póllandi, og hefur síðan fest sig í sessi sem einn af fremstu og öflugustu hljómsveitarstjórum Tékklands. Árið 2016 tók Hanus við starfi tónlistarstjóra Velsku þjóðaróperunnar í Cardiff. Á fyrstu tónleikum sínum þar stjórnaði hann 2. sinfóníu Mahlers og hlaut flutningurinn fimm stjörnur í *The Guardian*, sem lýsti honum sem „stórbrotnum“ og „eftirminnilegum“. Í Cardiff hefur Hanus stjórnað mörgum viðamiklum og vel metnum óperuuppfærslum, svo sem *Rósariddaranum*, *Rakaranum í Sevilla*, *Carmen* og *Öskubusku*. Hann hefur lagt sérstaka rækt við óperur landa síns Leoš Janáček með uppfærslum á *Jenůfu*, *Lævísu tófunni litlu*, *Makropulos-málinu* og *Úr húsi hinna dauðu* en fyrir hina síðasttöldu hlaut hann Janáček-minningarverðlaunin í heimaborg sinni.

Hanus þreytti frumraun sína við Vínaróperuna árið 2017, þegar hann stjórnaði þekktustu óperu Dvořáks, *Rusöllu*, og hefur snúið aftur þangað reglulega. Þá hefur hann meðal annars stjórnað við Ríkisóperuna í München, Parísaróperuna, Teatro Real í Madrid, Konunglegu óperuna í Kaupmannahöfn og á La Scala í Milanó, þar sem hann kom fyrst fram árið 2023.

Hanus er einnig eftirsóttur á tónleikapallinum og hefur unnið með ýmsum hljómsveitum í Bretlandi og á meginlandi Evrópu, svo sem Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Hallé-sveitinni í Manchester, Staatskapelle Dresden, Camerata Salzburg og Tékknesku þjóðarhljómsveitinni. Árið 2023 stýrði hann flutningi hljómsveitar Velsku þjóðaróperunnar á verkinu *Föðurland mitt* eftir Smetana við opnun Vortónlistarhátíðarinnar í Prag, og var það í fyrsta sinn sem óperuhljómsveit opnaði hátíðina. Hanus tók við stöðu aðalgestastjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í haust sem leið.

STEFÁN RAGNAR HÖSKULDSSON

EINLEIKARI



Nú er rétt um ár liðið frá því að Stefán Ragnar Höskuldsson sigraði í prufuspili um stöðu 1. flautuleikara Fílharmoníusveitarinnar í Berlín og staðfesti með því að hann er einn fremsti flautuleikari heims nú um stundir. Stefán Ragnar nam flautuleik hjá Bernharði Wilkinson í Tónlistarskólanum í Reykjavík og stundaði síðan framhaldsnám við Royal Northern College of Music í Manchester þar sem kennarar hans voru Peter Lloyd og Wissam Boustany. Að námi loknu hélt Stefán til Bandaríkjanna þar sem hann gegndi stöðu 1. flautuleikara í hljómsveit Metropolitan-óperunnar í New York á árunum 2008–2016. Hann flutti sig síðan um set til Chicago og var sólóflautuleikari sinfóníuhljómsveitarinnar þar í borg allt þar til hann tók við starfinu í Berlín í haust.

Stefán Ragnar hefur leikið víða um Bandaríkin, Evrópu og Japan með mörgum nafntoguðum hljómsveitarstjórum eins og Riccardo Muti, Esa-Pekka Salonen, Seiji Osawa, James Levine, Fabio Luisi, Valery Gergiev og Daniel Barenboim. Hann er líka eftirsóttur einleikari og kammermúsikant; hann hefur unnið með píanóleikurunum Evgeny Kissin og Alfred Brendel, fiðluleikaranum Gil Shaham og sópransöngkonunum Diönu Damrau og Önnu Netrebko, svo dæmi séu tekin. Sem einleikari hefur Stefán m.a. flutt flautukonsert Mozarts í D-dúr með Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago, leikið á Pacific-tónlistarhátíðinni í Sapporo í Japan og á alþjóðlegu flautuhátíðinni í Lucerne sem kennd er við Sir James Galway.

Stefán Ragnar hefur leikið á mörgum hljóðritunum og á Metropolitan-árunum hlaut hann, ásamt félögum sínum í hljómsveitinni, Grammy-verðlaun í tvígang fyrir bestu óperuhljóðritunina. Árið 2015 kom fyrsti einleikdiskur Stefáns, *Solitude*, út hjá Delos-útgáfunni. Þar leikur hann flautusónötur eftir Prókofíev og Liebermann ásamt píanóleikaranum Michael McHale, auk verka eftir Schubert og Magnús Blöndal Jóhannsson. Í lofsamlegri umfjöllun um hljómdiskinn í *New York Times* sagði um leik Stefáns að hann einkenndist af snerpu og hlýju.

JÓN NORDAL

ADAGIO



TÓNLISTIN OG SÍ

Adagio var samið að beiðni aðalstjórnanda SÍ, Bohdans Wodiczko, sem stýrði frumflutningi þess í Háskólabíói 26. maí 1966 og voru tónleikarnir sendir út beint af Ríkisútvarpinu. Það hljómaði aftur undir stjórn Wodiczko árið eftir og síðan hefur hljómsveitin flutt verkið sex sinnum, meðal annars tvisvar á sérstökum heiðurstónleikum SÍ í Langholtskirkju í apríl 2010 í tilefni af því að Jón Nordal hafði þá nýverið hlotið heiðursviðurkenningu Íslensku tónlistarverðlaunanna. Við það tækifæri hélt Andrew Massey um tónsprotann en *Adagio* hljómaði síðast í Eldborg í nóvember 2022 undir stjórn Evu Ollikainen. Hljómsveitin hljóðritaði verkið, undir stjórn Johannesar Gustavsson, fyrir hljómdiskinn *Choralis* sem finnska útgáfufyrirtækið Ondine gaf út árið 2016 og geymir hljómsveitarverk eftir Jón Nordal.

Um þessar mundir er öld liðin frá fæðingu Jóns Nordals (1926–2024). Hann hóf tónsmíðanám hjá Jóni Þórarinssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík en stundaði síðar framhaldsnám í Zürich í Sviss hjá Willy Burkhard, auk þess sem hann tók þátt í frægum sumarnámskeiðum í Darmstadt í Þýskalandi þar sem hann komst m.a. annars í kynni við ýmsa fulltrúa evrópskrar framúrstefnu, svo sem Karlheinz Stockhausen, Luigi Nono og György Ligeti. Hann varð einnig handgenginn tónlist Antons Webern sem var eitt af tónskáldum Vínarskólans síðari og forspraki módernisma á 20. öld.

Eftir að Jón snéri aftur heim til Íslands stofnaði hann, ásamt nokkrum öðrum ungum tónlistarmönnum, félagið Musica Nova og var hlutverk þess meðal annars að stuðla að nýsköpun íslenskra tónskálda. Fyrsta tónsmíð Jóns eftir heimkomuna var hljómsveitarverkið *Brotaspil* sem frumflutt var árið 1962. Það ber merki kynna hans af framúrstefnunni, módernískt verk byggt á raðtækni (serialisma) og kallast á við geometríska abstraktlist sem þá bar hæst í myndlist. Í kjölfar *Brotaspils* liðu nokkur ár án þess að Jón sendi frá sér tónverk og þegar hann rauf þögnina með *Adagio* fyrir flautu, hörpu, píanó og strengi, kvað við nýjan tón. Verkið var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands í maí árið 1966 og tónskáldið lýsti því þá svo í efnisskrá: „Það er í einum hæfum þætti eins og nafnið bendir til. Aðeins í svip bregður fyrir hraðari brotum, sem kyrrast fljótlega aftur. Efni og form er einfalt og línur yfirleitt skýrar og styðjast við þéttfna, kyrrstæða strengjahljóma, sem stundum mynda breiða fleti og eiga mestan þátt í að skapa grunnhrein verksins.“

Með *Adagio* var eins og Jón Nordal hefði fundið tónhugmyndum sínum réttan farveg og í kjölfarið sendi hann frá sér hvert hljómsveitarverkið á fætur öðru í þessum nýja stíl. *Adagio* markar því tímamót á ferli hans en það er líka eitt af tímamótaverkum íslenskrar tónlistarsögu. Það hefur hljómað oft, bæði hér heima og erlendis, og var fyrst hljóðritað árið 1968 af Sinfóníuhljómsveit sænska útvarpsins undir stjórn Herberts Blomstedt.

LOWELL LIEBERMANN

FLAUTUKONSERT NR. 2



TÓNLISTIN OG SÍ

Stefán Ragnar Höskuldsson flutti flautukonsert nr. 1 eftir Lowell Liebermann með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Háskólabíói 1. júní 2006, undir stjórn Bernharðs Wilkinson. Það var frumflutningur verksins hérlandis og jafnframt frumraun Stefáns Ragnars sem einleikara með hljómsveitinni. Flautukonsert nr. 2 hljómar nú í fyrsta sinn á Íslandi.

Bandaríska tónskáldið og píanóleikarinn Lowell Liebermann (f. 1961) hefur öðlast alþjóðahylli fyrir verk sín, sem stundum er lýst sem nútímatónsmíðum með rómantískum blæ. Tónverk hans eru orðin talsvert á annað hundrað að tölu; þar á meðal eru fjórar sínfóníur, konsert fyrir hljómsveit, þrír píanókonsertar auk konserta fyrir ýmis önnur einleikshljóðfæri, tvær óperur og ballettinn *Frankenstein*.

Sónata fyrir flautu og píanó, sem Liebermann samdi á ungum aldri, er fyrir löngu orðin fastur liður á efnisskrám flautuleikara. Hún varð til þess að flautuleikarinn James Galway pantaði hjá honum konsert sem frumfluttur var árið 1992. Hann markaði tímamót á ferli tónskáldsins; með honum skipaði Liebermann sér á bekk með fremstu samtímatónskáldum Bandaríkjanna og hefur verið verið hljóðritað mörgum sinnum. Þremur áratugum síðar hófst Liebermann handa við að semja annan konsert fyrir flautu og hljómsveit, að þessu sinni fyrir Stefán Ragnar Höskuldsson. Tónskáldið segir eftirfarandi um tilurð verksins:


„Við Stefán Ragnar Höskuldsson höfum verið vinir og kollegar árum saman, mér til ánægju og heiðurs. Á þessum tíma hef ég verið svo lánsamur að heyra mörg verka minna í hans flutningi. Hann gerði frábæra hljóðritun á flautusónötunni minni og hann frumflutti *Air* fyrir flautu og hljómsveit í Carnegie Hall ásamt Ungsveit New York-borgar. Okkur hafði lengi dreymt um að ég mundi einhvern tíma semja nýjan flautukonsert sérstaklega fyrir hann, svo að ég varð fjöðrum fenginn þegar Stefán hringdi í mig með þær fréttir að Sinfóníuhljómsveitin í Chicago væri tilbúin til þess að panta slíkt verk.

Líkt og fyrri flautukonsertinn minn er sá nr. 2 í þremur þáttum, en í þetta sinn renna annar og þriðji þáttur saman. Það á við um þetta verk, eins og flestar mínar tónsmíðar, að það kveikist ekki af neinni utanaðkomandi hugmynd: það snýst einfaldlega um tónana og þær tilfinningar sem þeir vekja með áheyrandanum.“

Stefán Ragnar frumflutti konsertinn í Chicago þann 21. mars 2024, ásamt sínfóníuhljómsveit borgarinnar undir stjórn Susönnu Mälkki.

ANTONÍN DVOŘÁK

SVÍTA Í A-DÚR



TÓNLISTIN OG SÍ

Svíta í A-dúr hefur ekki áður hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands en sveitin hefur leikið 9. sínfóníu Dvořáks margt, síðast haustið 2022 undir stjórn Davids Danzmayr.

Antonín Dvořák (1841–1904) fæddist í litlu þorpi í Bæheimi, skammt utan við Prag, elstur í stórum barnahópi slátrarans Františeks og Önnu konu hans. Faðirinn lék á sítar og framfærði fjölskylduna meðal annars með því. Þau hjónin hlúðu að tónlistarhæfileikum sonarins og Antonín átti eftir að verða eitt mesta tónskáld Tékkna á 19. öld. Hann er ekki síst rómaður fyrir sínfónísk verk sín þar sem honum tókst að finna ríkulegum tónlistararfi alþýðunnar einstakan farveg.

Meðal verka Dvořáks fyrir sínfóníuhljómsveit er að finna tvær svítur. Sú fyrri, *Tékkneska svíta í D-dúr*, var samin árið 1879, um það leyti sem Dvořák sendi frá sér *Slavneska dansa* op. 46 en þeir áttu eftir að bera orðstír hans víða um lönd á árunum sem í hönd fóru. *Tékkneska svítan* er verk af svipuðum meiði; hún er byggð upp af dansþáttum sem skírskota til þjóðlegs arfs. Seinni svíta Dvořáks – sú sem hljómar á tónleikum kvöldsins – er í A-dúr og varð til um fimmtán árum síðar, á þeim tíma er Dvořák bjó í New York og stýrði tónlistarháskóla þar í borg. Hún er því oft nefnd Ameríska svítan. Ameríkudvölin 1892–95 var gjöfult skeið í tónsmíðalífi Dvořáks. Auk svítunnar samdi hann þar m.a. sellókonserterinn fræga og 9. sínfóníuna, þá sem hefur auknefnið „úr Nýja heiminum“. En þrátt fyrir velgengni vestra festu Dvořák-hjónin ekki yndi í Bandaríkjunum og fjölskyldan fluttist aftur heim til Prag árið 1895.

Svíta í A-dúr var upphaflega samin fyrir píanó árið 1894. Dvořák umritaði hana stuttu síðar fyrir hljómsveit en sú útgáfa hljómaði ekki opinberlega fyrr en eftir hans dag. Svítan er í fimm þáttum eins og *Tékkneska svítan*, og líkt og þar bregður hér fyrir skírskotunum til þjóðdansa, svo sem í polkanum í þriðja þætti. En A-dúr svítan er á allan hátt meiri um sig – hún er skrifuð fyrir stærri hljómsveit, stefjaefnið er fjölbreyttara og í úrvinnslu þess má heyrja sams konar meistarataкта og gert hafa 9. sínfóníu tónskáldsins að einu ástsælasta verki sínfóníubókmenntanna.

BOHUSLAV MARTINŮ

SINFÓNÍA NR. 6



TÓNLISTIN OG SÍ

Bohdan Wodiczko var aðalstjórnandi SÍ á árunum 1965–68 og 1970–71 og stjórnaði þá flutningi nokkurra verka eftir Bohuslav Martinů, þar á meðal 4. sínfóníu hans árið 1966. Maurice Bourge flutti óbókoncert Martinús með hljómsveitinni vorið 1992 undir stjórn Petri Sakari og 2. fiðlukonsert tónskáldsins hljómaði í meðförum Helgu Þóru Björgvinsdóttur á tónleikum sveitarinnar í janúar 2009 þar sem Tomáš Hanus stjórnaði, líkt og í kvöld. Tæpu ári áður, í mars 2008, stýrði Johannes Fritsch flutningi SÍ á *Minnisvarða um Lidice*, áhrifamiklu verk sem Martinů samdi til minningar um grimmdarverk nasista í samnefndu þorpi árið 1942. 6. sínfónía tónskáldsins hljómar nú í fyrsta sinn hérlandis.

Tékkneska tónskáldið Bohuslav Martinů (1890–1959) átti það sameiginlegt með Dvořák að alast upp í smáþorpi í Bæheimi en eyða löngu síðar mikilvægum árum í Nýja heiminum. Á mótunarárum hans efdist þjóðernishyggja með Tékkum og sjálfstæð Tékkóslóvakía varð að veruleika árið 1918. Martinů stundaði nám við tónlistarháskólann í Prag, þar sem mikið var lagt upp úr tónlist í rómantískum þjóðlegum anda, en honum þóttu viðhorfin þar þengja að sér; hann vildi móta sína eigin leið til þess að nýta þjóðlegan tónlistararf. Hann dróst að frönskum tónskáldum, ekki síst Claude Debussy og Albert Roussel, og árið 1923 hélt hann til Parísar þar sem hann átti eftir að dvelja næstu sautján árin. Honum líkaði frjálsræðið sem ríkti í borginni, var tíður gestur á kaffihúsunum og tók ástfóstri við djasstónlist sem víða mátti heyra. Þetta nýja umhverfi var örvandi og Martinů stundaði um hríð ýmsa tilraunamennsku í tónsmíðunum. Um 1930 var eins og hann hefði loks fundið sinn stíl, eins konar nýklassík með þjóðlegu ívafi, og tónverkin streymdu úr penna hans. Þau nutu hylli og voru flutt víða um Evrópu. En allt breyttist með heimsstyrjöldinni síðari. Þjóðverjar hernámu Tékkóslóvakíu og réðust árið 1940 inn í Frakkland. Martinů og Charlotte kona hans, sem var frönsk, lögðu á flóttu frá París og komust eftir langa hrakninga í skip í Lissabon sem sigldi með þau til New York í mars 1941.

Fyrir vestan áttu þau hauka í horni, ekki síst meðal annarra Evrópumanna sem flúið höfðu á undan þeim. Þau settust að á Manhattan, Martinů hélt áfram að semja af kappi og fór nú að reyna sig við sínfóníuformið. Bandaríkin státuðu af mörgum glæsilegum hljómsveitum og það kann að hafa verið hvati — í það minnsta urðu allar sínfóníur Martinús til vestra. Sú sjötta og síðasta var samin í tilefni af 75 ára afmæli Sínfóníuhljómsveitarinnar í Boston og frumflutt af henni í ársbyrjun 1955 en þá var Martinů fluttur aftur til Evrópu þar sem hann eyddi sínum síðustu árum. Verkið ber yfirskriftina *Fantaisies Symphoniques* sem visar til hins yfirnáttúrlega: hér eru svipir á sveimi í þremur draugalegum en kraftmiklum fantasíum þar sem mikið ber á taktskiptum og hljóðstyrkur er þaninn í báða enda.

Svanhildur Óskarsdóttir

Á DÖFINNI

KIAN SOLTANI LEIKUR LUTOSŁAWSKI

FIMMTUDAGUR 12. MARS KL. 19:30

Tónleikadagskrá væntanlegrar Evrópureisu hljómsveitarinnar verður kynnt á þessum tónleikum. Staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sellóleikarinn Kian Soltani, leikur sellókonsert Lutosławski frá árinu 1970 undir stjórn Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra. Konsertinn er hlaðinn orku, ljóðrænu og mikilli dramatík og var valinn einn af tíu bestu sellókonsertum tónlistarsögunnar af gagnrýnendum BBC tónlistartímaritsins haustið 2024. Á tónleikunum hljóma einnig tvö verk finnska tónskáldsins Jean Sibelius, Dóttir norðursins sem sækir innblástur í Kalevala ljóðabálkinn og sínfónía nr. 2, ein vinsælasta sínfónía tónskáldsins..



ELGAR & ELDFUGLINN

FÖSTUDAGAUR 13. MARS KL. 18:00

Kynning á efnisskrá Evrópureisu SÍ heldur áfram á föstudagstónleikum í Eldborg. Sellókonsert Edwards Elgar er eitt dádasta einleiksverk tónlistarsögunnar og hér njóta sín til fullnustu einstök tók einleikarans, Kians Soltani, á hljóðfærinu. Eldfuglinn verður einnig með í ferðalaginu, hljómsveitarsvítan litríka sem Ígor Stravinskíj vann upp úr byltingarkenndum balletti sínum sem frumfluttur var árið 1910. Fuglinn sá sprettur úr rússneskri þjóðsagnahefð, tónlistin er litrík og þar eru allir möguleikar sínfóníuhljómsveitar nýttir til hins ýtrasta. Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir og án hlés.



E.T. BÍÓTÓNLEIKAR

FIMMTUDAG, FÖSTUDAG, LAUGARDAG 9.-11. APRÍL KL. 19:00 OG 14:00

Upplifðu leyndardómana og gleðina í hinu hjartnæma meistaraverki leikstjórans Stephen Spielbergs sem heillað hefur áhorfendur um allan heim. Kvikmyndin er sýnd á stórum HD-skjá við lifandi flutning heillar sínfóníuhljómsveitar á tónlist Óskarsverðlaunahafans John Williams. Sýnd verður upprunaleg útgáfa kvikmyndarinnar frá árinu 1982 með íslenskum texta. Ekki missa af E.T. við lifandi tónlistarflutning Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Upplifðu töfrana enn á ný! ©A.M.P.A.S.® E.T. The Extra-Terrestrial is a trademark and copyright of Universal Studios. Licensed by Universal Studios. All Rights Reserved.

Reserved.
10



LISTAHÁTIÐ

Eldborg | 14. júní



Angel Blue

Miðasala hafin á harpa.is

Í REYKJAVÍK

Á DÖFINNI

SKÖPUN HEIMSINS

FIMMTUDAGUR 16. APRÍL KL. 19:30

Tónleikagestum er boðið í ferðalag um tíma og rúm með efnisskrá sem spannar rúm 200 ár tónlistarsögunnar. Á efnisskránni eru forleikur að Sköpuninni og símfónía nr. 64 eftir Joseph Haydn, hæglátt strengjaverk eftir Ruth Crawford Seeger, hið kynngimagnaða Lontano eftir György Ligeti og tónaljóðið, Also sprach Zarathustra, eftir Richard Strauss. Barbara Hannigan tekur við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda hljómsveitarinnar haustið 2026. Hún hefur vakið mikla aðdáun um heim allan undanfarin ár fyrir hljómsveitarstjórn og söng. Hún hlaut meðal annars Grammy-verðlaunin árið 2018 fyrir plötuna Crazy Girl og nú síðast hin virtu Polar-tónlistarverðlaun í maí 2025.

UNGIR EINLEIKARAR

FÖSTUDAGUR 24. APRÍL KL. 19:30

Tónleikarnir Ungir einleikarar eru sannkölluð uppskeruhátíð, þar sem sigurvegarar í einleikara- og einsöngskeppni Símfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands stíga á svið með hljómsveitinni. Sigurvegarar þetta árið eru Halldóra Ósk Helgadóttir, söngkona, Lilja Hákonardóttir, flautuleikari, Matthildur Traustadóttir fiðluleikari og Mariann Rähni sem leikur á píanó. Hljómsveitarstjóri að þessu sinni er hinn svissneski Baldur Brönnimann sem er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Konunglegu fílharmóníusveitarinnar og tónlistarháskólans í Galísíu á Spáni. Hann leggur mikla áherslu á fræðslustarf og vinnur reglulega með ungu fólki og æskulýðshljómsveitum víða um heim.



LIZST & LANDLIT

FIMMTUDAGUR 30. APRÍL KL. 19:30

Hollenski píanóleikarinn Nikola Meeuwsen flytur píanókonsert nr. 2 eftir Franz Liszt með Símfóníuhljómsveit Íslands. Ferill Meeuwsen fór á flug á síðasta ári er hann bar sigur úr býtum í hinni virtu keppni sem kennd er við Elísabetu drottningu af Belgíu. Konsertinn skipar nokkuð sérstakan sess í höfundarverki tónskáldsins og ber píanósnillingnum Franz Liszt glæsilegt vitni. Glæný símfónía Páls Ragnars Pálssonar, Landlit, verður frumflutt, en Símfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt nokkur verka hans, síðast var það fagott-konsertinn PLAY. Konsertsvítan Mandarininn hefur ákaflega gott samnefndum og umdeildum ballett eftir Béla Bartók er einnig á efnisskrá tónleikanna. Eva

RADISSON BLU 1919 HÓTEL

Í HJARTA REYKJAVÍKUR

88 herbergi og svítur í falgri skandinavískri hönnun staðsett í einu sögufrægasta húsi borgarinnar.

Radisson Blu 1919 Hotel
Posthusstraeti 2, 101 Reykjavik, Iceland
T: +354 599 1000 info.1919.reykjavik@radissonblu.com

FEEL THE DIFFERENCE
radissonhotels.com/blu

Eskifjarðarkirkja 2. júní | Norðurljós, Harpa 3. júní

Stefán Ragnar

Miðasala hefst
6. mars á tix.is



Tónleikar þar sem Stefán Ragnar Höskuldsson,
flautuleikari kemur fram ásamt Sigurgeiri Agnarssyni,
sellóleikara og Liam Kaplan, píanóleikara.


menningarstofa
Íslands



LISTAHÁTÍÐ
Í REYKJAVÍK

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Laufey Jensdóttir
Andrzej Kleina
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir Skelton
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Joanna Bauer
Laura Liu
Margrét Kristjánsdóttir
Ólga Björk Ólafsdóttir
Lin Wei
Helga Þóra Björgvinsdóttir

2. FIÐLA

Alexandra Woroniecka
Gunnhildur Daðadóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Justyna Bidler
Ingrid Karlsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Emma Garðarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Hekla Finnsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marínósdóttir
Rita Þorfiris
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Kathryn Harrison

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Arnadóttir
Arnar Geir Halldórsson
Urh Mrak
Júlía Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

T.C. Fitzgerald
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Jacek Karwan

FLAUTA

Ting-Wei Chen
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno
Steinunn Vala Pálsdóttir

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grimur Helgason
Birkir Örn Hafsteinsson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Justin Mange
Emil Friðfinnsson
Yi-Ling Shih
Jason Friedman

TROMPET

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Itamar Elis

HARPA

Itamar Elis

PÍANÓ

Liam Kaplan

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Frank Aarnink
Steeff van Oosterhout
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar

Margrét Ragnarsdóttir

markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfssdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Brynja Guðmundsdóttir
aðstoðarnótnavörður
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

*Kvika eignastýring veitir albliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring